AUGLÝSING

73
22. okt.

um viðskiptasamning, er gerður var í Reykjavík hinn 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

VIÐSKIPTASAMNINGUR
milli Íslands og Bandaríkja Ameríku.

Ríkisstjóri Íslands og Hans hágöfgi Forseti Bandaríkja Ameríku, sem óska að treysta hin hefðbundnu vináttubönd milli beggja ríkjanna með því að halda uppi skilyrðislaust og ótakmarkað stefnu jafnréttiskjara sem grundvelli viðskiptasambands, svo og með því að veita gagnkvæmar ívilnanir og fríðindi til eflingar viðskiptum, hafa með aðstoð umboðsmanna hvors um sig gert með sér samkomulag það, er hér fer á eftir:

1. grein.

1. Ísland og Bandaríki Ameríku veita hvort öðru skilyrðislaus og ótakmörkuð beztu kjör í öllum málum, er varða hvers konar tolla og aukaálögur, svo og í álagningaraðferðum og enn fremur í öllum málum, varðandi reglur, formsatriði og álög í sambandi við tollafgreiðslu varnings og með tilliti til allra laga og reglugerða viðvíkjandi sölu, skattaálagningu eða notkun á innfluttum vörum innanlands.

2. Samkvæmt þessu skal af varningi, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður hvors ríkis um sig og fluttur er til hins ríkisins, aldrei krafizt, að því er snertir atriði þau er að ofan getur, annarra eða hærri tolla, skatta eða álaga, eða um hann beitt öðrum eða þyngri reglum eða formsatriðum en þeim, sem krafizt er, eða síðar verður krafizt um samskonar varning, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður einhvers þriðja ríkis.

3. Á sama hátt skal, þegar um varning er að ræða sem útfluttur er frá Íslandi eða Bandaríkjum Ameríku og sendur er til hins landsins, aldrei, að því er

TRADE AGREEMENT
between Iceland and the United States of America.

The Regent of Iceland and His Excellency the President of the United States of America being desirous of strengthening the traditional bonds of friendship existing between the two countries by maintaining the principle of equality of treatment in its unconditional and unlimited form as the basis of commercial relations and by granting mutual and reciprocal concessions and advantages for the promotion of trade, have through their respective Plenipotentiaries arrived at the following Agreement:

Article I

1. Iceland and the United States of America will grant each other unconditional and unrestricted most-favored-nation treatment in all matters concerning customs duties and subsidiary charges of every kind and in the method of levying duties, and, further, in all matters concerning the rules, formalities and charges imposed in connection with the clearing of goods through the customs, and with respect to all laws or regulations affecting the sale, taxation or use af imported goods within the country.

2. Accordingly, articles the growth, produce or manufacture of either country imported into the other shall in no case be subject, in regard to the matters referred to above, to any duties, taxes or charges other or higher, or to any rules or formalities other or more burdensome, than those to which the like articles the growth, produce or manufacture of any third country are or may hereafter be subject.

3. Similarly, articles exported from the territory of Iceland or the United States of America and consigned to the territory of the other country shall in no case

73 22. okt.

snertir útflutning og með tilliti til ofangreindra atriða, leggja á hann aðra eða hærri tolla, skatta eða álög eða beita öðrum eða þyngri reglum eða formsatriðum en þeim, sem beitt er eða síðar verður beitt um vörur, sem sendar eru til einhvers þriðja ríkis.

4. Sérhver fríðindi, hagsbætur, sérréttindi eða undanþágur, sem Ísland eða Bandaríki Ameríku hafa veitt eða síðar kunna að veita með tilliti til ofangreindra atriða um varning, sem upprunninn er í einhverju þriðja landi, eða sem sendur er til einhvers þriðja ríkis, skulu samstundis og án endurgjalds veitt um samskonar varning, sem upprunninn er í eða sendur er til Bandaríkja Ameríku eða Íslands.

2. grein.

Varningur, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður Íslands eða Bandaríkja Ameríku, og sem fluttur hefur verið inn í hitt landið, skal vera undanþeginn öllum innanlands sköttum, gjöldum, álögum eða kröfum, öðrum eða hærri en þeim, sem lagður er á samskonar varning af innlendum uppruna eða sérhverjum öðrum erlendum uppruna.

3. grein.

1. Ekkert bann eða nokkur önnur takmörkun skal af stjórn annars hvors ríkis lagt á innflutning nokkurs varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður hins ríkisins eða á útflutning nokkurs varnings, sem ætlaður er hinu landinu, nema innflutningur samskonar varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður allra þriðju ríkja eða útflutningur samkynja varnings til allra þriðju ríkja sé á sama hátt bannaður eða takmarkaður.

2. Engin takmörkun skal af ríkisstjórn annars ríkisins gerð á innflutningi frá hinu ríkinu á nokkrum þeim varningi, sem því ríki þykir máli skipta, hvorki með innflutningsleyfum, heimildum eða öðruvísi, nema allt magn eða verðmæti slíks varnings, sem innflutningur er

be subject with respect to exportation and in regard to the above-mentioned matters, to any duties, taxes or charges other or higher, or to any rules or formalities other or more burdensome, than those to which the like articles when consigned to the territory of any third country are or may hereafter be subject.

4. Any advantage, favor, privilege or immunity which has been or may hereafter be granted by Iceland or the United States of America in regard to the abovementioned matters, to any article originating in any third country or consigned to the territory of any third country shall be accorded immediately and without compensation to the like article originating in or consigned to the territory of the United States of America or Iceland, respectively.

Article II

Articles the growth, produce or manufacture of Iceland or the United States of America, shall, after importation into the other country, be exempt from all internal taxes, fees, charges or exactions other or higher than those imposed on like articles of national origin or of any other foreign origin.

Article III

1. No prohibition or restriction of any kind shall be imposed by the Government of either country on the importation of any article the growth, produce or manufacture of the other country or upon the exportation of any article destined for the other country, unless the importation of the like article the growth, produce or manufacture of all third countries, or the exportation of the like article to all third countries, respectively, is similarly prohibited or restricted.

2. No restriction of any kind shall be imposed by the Government of either country on the importation from the other country of any article in which that country has an interest, whether by means of import licenses or permits or otherwise, unless the total quantity or

leyfður á um tilgreindan tíma eða sérhver breyting á slíku magni eða verðmæti hafi verið ákveðið og birt opinberlega. Ef stjórn annars hvors ríkisins úthlutar þriðja ríki hluta af öllu slíku magni eða verði, skal það úthluta hinu ríkinu, nema gagnkvæmlega hafi verið ákveðið að fella slíka úthlutun niður, hluta sem vera skal í réttu hlutfalli við allan innflutning á slíkum varningi frá því ríki eitthvert meðal og vanalegt tímabil á undan, og skal, að svo miklu leyti sem fært þykir, taka tillit til allra sérstakra ástæðna, sem kunna að hafa haft eða kunna að hafa áhrif á verzlun með þann varning. Ber að láta slíkan hluta í té, þannig að greitt sé fyrir fullum notum hans. Engin skerðing eða takmörkun, önnur en slík úthlutun, skal með innflutningsleyfum, heimildum eða öðruvísi lögð á hluta af öllu slíku magni eða verðmæti, sem flytja má inn frá hinu ríkinu.

3. Ákvæði þessarar greinar skulu koma til greina með tilliti til magns sérhvers varnings, sem innflutningur er leyfður á, samkvæmt sérgreindum tolli.

4. grein.

1. Stofni stjórn annars hvors ríkisins til eða starfræki í einhverri mynd eftirlit með alþjóðlegum greiðslumiðli, skal það veita verzlun hins ríkisins skilyrðislaus beztu kjör með tilliti til allra greina slíks eftirlits.

2. Sú ríkisstjórn, sem stofnar til eða starfrækir slíkt eftirlit, skal ekki leggja neitt bann, takmörkun eða tafir á yfirfærslur á greiðslum fyrir neinn þann varning, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður hins ríkisins, og sem ekki er lagt á yfirfærslur á greiðslum fyrir samskonar varning, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður einhvers þriðja ríkis. Að því er snertir gengi og með tilliti til skatta eða álaga á gjaldeyrisyfirfærslur, skal varningur, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður hins ríkisins, sæta skilyrðislaust eigi lakari meðferð en þeirri, sem samskonar varningur, afurð, framleiðsla eða

value of such article permitted to be imported during a specified period, or any change in such quantity or value shall have been established and made public. If the Government of either country allots a share of such total quantity to any third country, it shall allot to the other country, unless it is mutually agreed to dispense with such allotment, a share based upon the proportion of the total imports af such article supplied by that country in a previous representative period, account being taken in so far as practicable of any special factors which may have affected or may be affecting the trade in that article, and shall make such share available so as to facilitate its full utilization. No limitation or restriction of any kind other than such an allotment shall be imposed, by means of import licenses or permits or otherwise, on the share of such total quantity or value which may be imported from the other country.

3. The provisions of this Article shall apply in respect of the quantity of any article permitted to be imported at a specified rate of duty.

Article IV

1. If the Government of either country establishes or maintains any form of control of the means of international payment, it shall accord unconditional most-favored-nation treatment to the commerce of the other country with respect to all aspects of such control.

2. The Government establishing or maintaining such control shall impose no prohibition, restriction or delay on the transfer of payment for any article the growth, produce or manufacture of the other country which is not imposed on the transfer of payment for the like article the growth, produce or manufacture of any third country. With respect to rates of exchange and with respect to taxes or charges on exchange transactions, articles the growth, produce or manufacture of the other country shall be accorded unconditionally treatment no less favorable than that accorded to

73
22. okt.

73 22. okt.

iðnaður einhvers þriðja ríkis, er látinn sæta. Framangreind ákvæði skulu einnig látin ná til slíks eftirlits með greiðslum, sem nauðsynlegar eru eða óhjákvæmilegar í sambandi við innflutning varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður hins ríkisins. Að jafnaði skal eftirlitið framkvæmt þannig, að það sé eigi til tjóns fyrir hitt ríkið í samkeppni milli varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður landssvæðis þess ríkis og samskonar varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður einhvers þriðja ríkis.

5. grein.

1. Ef stjórn annars hvors ríkis stofnar eða starfrækir einkasölu að því er snertir innflutning, framleiðslu eða sölu nokkurs varnings eða veitir einhverju fyrirtæki einkaréttindi, formlega eða raunverulega, á innflutningi, framleiðslu eða sölu á nokkrum varningi, er samkomulag um, að verzlun hins ríkisins skuli veitt sanngjörn og réttlát meðferð með tilliti til erlendra innkaupa slíkrar einkasölu eða fyrirtækis. Í þessu skyni mun hlutaðeigandi einkasala eða fyrirtæki um erlend innkaup sín á sérhverjum varningi láta stjórnast eingöngu af aðstæðum eins og verðlagi, gæðum, markaðshæfni og söluskilmálum, eða því, sem venjulega mundi vera tekið tillit til, ef um einkaverzlun væri að ræða, sem eingöngu mundi vilja gera kaup á slíkum varningi með sem allra hagkvæmustum skilmálum.

2. Stjórn hvors ríkis um sig skal, hvað snertir útboð um opinberar framkvæmdir og innkaup á birgðum, veita verzlun hins ríkisins sanngjarna og réttláta meðferð, samanborið við þá meðferð, sem veitt er verzlun sérhvers þriðja ríkis.

6. grein.

1. Lög, reglugerðir framkvæmdarvalds og ákvarðanir framkvæmdarvalds eða dómsyfirvalda Íslands eða Bandaríkja Ameríku hvors um sig, er lúta að toll-

the like articles the growth, produce or manufacture of any third country. The foregoing provisions shall also extend to the application of such control to payments necessary for or incidental to the importation of articles the growth, produce or manufacture of the other country. In general, the control shall be administered so as not to influence to the disadvantage of the other country the competitive relationships between articles the growth, produce or manufacture of the territories of that country and like articles the growth, produce or manufacture of third countries.

Article V

1. In the event that the Government of either country establishes or maintains a monopoly for the importation, production or sale of any article or grants exclusive privileges, formally or in effect, to any agency to import, produce or sell any article, it is agreed that the commerce of the other country shall be accorded fair and equitable treatment in respect of the foreign purchases of such monopoly or agency. To this end such monopoly or agency will, in making its foreign purchases of any article, be influenced solely by those considerations, such as price, quality, marketability and terms of sale, which would ordinarily be taken into account by a private commercial enterprise interested solely in purchasing such article on the most favorable terms.

2. The Government of each country, in the awarding of contracts for public works and generally in the purchase of supplies, shall accord fair and equitable treatment to the commerce of the other country as compared with the treatment accorded to the commerce of any third country.

Article VI

1. Laws, regulations of administrative authorities and decisions of administrative or judicial authorities of Iceland and the United States of America, respect-

flokkun og tolltaxta varnings, skulu birt tafarlaust á þann hátt, að þeir sem viðskipti reka, eigi kost á að kynnast þeim. Slíkum lögum, reglugerðum og ákvörðunum skal framfylgt á sama hátt í öllum hafnarbæjum hlutaðeigandi ríkis, nema þar sem sérstaklega er öðruvísi fyrir mælt í lögum Bandaríkja Ameríku, varðandi varning, sem fluttur er til Puerto Rico.

2. Engir úrskurðir framkvæmdarvalds af hálfu stjórnar hvors ríkis um sig, sem hafa í för með sér hækkun á tolltaxta eða álögum, sem beitt er samkvæmt ákveðinni og óhagganlegri venju um innflutningsvörur, sem upprunnar eru á landssvæði hins ríkisins, eða sem leggja á nýjar kvaðir í sambandi við slíkan innflutning skulu látnir gilda aftur fyrir sig eða látnir taka til varnings, sem annað hvort er kominn í eða fluttur úr geymsluhúsi til neyzlu, fyrr en þrjátíu dagar eru liðnir frá dagsetningu auglýsingar á venjulegan opinberan hátt um slíkan úrskurð. Fyrirmæli þessarar málsgreinar skulu ekki taka til fyrirskipana framkvæmdarvalds, sem innleiða verndartolla gegn lágsöluvarningi, eða til reglugerða um vernd lífs og heilsu manna, dýra eða jurta, né heldur reglugerða um almennt öryggi eða um framkvæmd dómsúrskurða.

3. Stjórn hvors ríkis um sig skal eigi leggja þyngri viðurlög en málamyndarefsingu við villum í skjölum, þegar bersýnilega er um að ræða ritvillur eða villur, sem sanna má, að gerðar hafi verið í góðri trú, þegar um er að ræða innflutning á vöru, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður hins landsins.

7. grein.

1. Varningur, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður Bandaríkja Ameríku, og sem upptalinn er og tilgreindur á Lista I, er fylgir þessum samningi, skal vera undanþeginn venjulegum tollgreiðslum, umfram það, sem greinir og mælt er fyrir um á téðum lista, þegar hann er innfluttur til Íslands. Nefndur varningur skal

ively, pertaining to the classification of articles for customs purposes or to rates of duty shall be published promptly in such manner as to enable traders to become acquainted with them. Such laws, regulations and decisions shall be applied uniformly at all ports of the respective country, except as otherwise specifically provided in statutes of the United States of America relating to articles imported into Puerto Rico. 73 22. okt.

2. No administrative ruling by the Government of either country effecting advances in rates of duties or in charges applicable under an established and uniform practice to imports originating in the territory of the other country, or imposing any new requirement with respect to such importations, shall be effective retroactively or with respect to articles either entered, or withdrawn from warehouse, for consumption prior to the expiration of thirty days after the date of publication of notice of such ruling in the usual official manner. The provisions of this paragraph shall not apply to administrative orders imposing antidumping duties or relating to regulations for the production of human, animal or plant life or health, or relating to public safety, or giving effect to judicial decisions.

3. Greater than nominal penalties shall not be imposed by the Government of either country in connection with the importation of articles the growth, produce or manufacture of the other country because of errors in documentation which are obviously clerical in origin or with regard to which good faith can be established.

Article VII

1. Articles the growth, produce or manufacture of the United States of America enumerated and described in Schedule I annexed to this Agreement shall, on their importation into Iceland, be exempt from ordinary customs duties in excess of those set forth and provided for in the said Schedule. The said articles

73 22. okt.

einnig vera undanþeginn öllum öðrum tollum, sköttum, gjöldum, álögum eða kröfum, sem lagðar eru á, eða í sambandi við, innflutning, fram yfir það, sem lagt er á hann á undirskriftardegi þessa samnings, eða sem leggja skal á síðar, samkvæmt íslenzkum lögum í gildi þann dag.

2. Listi I skal hafa fullt gildi og verkun sem órjúfanlegur hluti samnings þessa.

8. grein.

1. Varningur, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður Íslands, og sem upptalinn er og tilgreindur á Lista II, er fylgir þessum samningi, skal vera undanþeginn venjulegum tollgreiðslum, umfram það, sem greinir og mælt er fyrir um á téðum lista, þegar hann er innfluttur til Bandaríkja Ameríku, samkvæmt þeim skilmálum, sem þar eru til teknir. Nefndur varningur skal einnig vera undanþeginn öllum öðrum tollum, sköttum, gjöldum, álögum eða kröfum, sem lagðar eru á, eða í sambandi við, innflutning, fram yfir það, sem lagt er á hann á undirskriftardegi þessa samnings, eða sem leggja skal á síðar, samkvæmt lögum Bandaríkja Ameríku í gildi þann dag.

2. Listi II og þær athugasemdir, sem þar eru greindar, skal hafa fullt gildi og verkun sem órjúfanlegur hluti samnings þessa.

9. grein.

Ákvæði 7. og 8. greina samnings þessa skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að stjórn hvors ríkis geti hvenær sem er lagt á innflutning sérhvers varnings álag, er jafngildi innlendu gjaldi, sem lagt er á samskonar innlendan varning eða vöru, sem hinn innflutti varningur hefur verið framleiddur eða tilbúinn úr að öllu eða einhverju leyti.

10. grein.

Hvað við kemur varningi, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður Íslands eða Bandaríkja Ameríku og sem upp talinn er og tilgreindur á Listum I og II, og sem innfluttur er í hitt ríkið og verðtollur, eða tollur, byggður á, eða á einhvern hátt ákvarðaður eftir verðgildi, er eða

shall also be exempt from all other duties, taxes, fees, charges or exactions, imposed on or in connection with importation, in excess of those imposed on the day of the signature of this Agreement or required to be imposed thereafter under laws of Iceland in force on that day.

2. Schedule I shall have full force and effect as an integral part of this Agreement.

Article VIII

1. Articles the growth, produce or manufacture of Iceland enumerated and described in Schedule II annexed to this Agreement shall, on their importation into the United States of America, be exempt from ordinary customs duties in excess of those set forth and provided for in the said Schedule, subject to the conditions therein set out. The said articles shall also be exempt from all other duties, taxes, fees, charges or exactions, imposed on or in connection with importation, in excess of those imposed on the day of the signature of this Agreement or required to be imposed thereafter under laws of the United States of America in force on that day.

2. Schedule II and the notes included therein shall have full force and effect as integral parts of this Agreement.

Article IX

The provisions of Articles VII and VIII of this Agreement shall not prevent the Government of either country from imposing at any time on the importation of any article a charge equivalent to an internal tax imposed in respect of a like domestic article or in respect of a commodity from which the imported article has been manufactured or produced in whole or in part.

Article X

In respect of articles the growth, produce or manufacture of Iceland or of the United States of America enumerated and described in Schedules I and II, respectively, imported into the other country, on which ad valorem rates of duty, or duties based upon or regulated in any

verður lagður á, skal hinum almennu meginreglum, sem fylgt er í hvoru ríki fyrir sig til að ákvarða tollskyld verðmæti og gjaldeyrisbreytingar, ekki breytt þannig, að þær dragi úr gildi nokkurra þeirra ívilnana, sem ákveðnar eru í þessum samningi.

11. grein

1. Ekkert bann, takmörkun eða nokkrar aðrar reglur, sem fela í sér takmörkun á magni, hvort sem beitt er í sambandi við allsherjar eftirlitsstofnun eða ekki, skal af Íslands hálfu setja um innflutning eða sölu nokkurs varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður Bandaríkja Ameríku og upptalinn er og tilgreindur á Lista I, né af hálfu Bandaríkja Ameríku setja um innflutning eða sölu nokkurs varnings, sem er afurð, framleiðsla eða iðnaður Íslands og upptalinn er og tilgreindur á Lista II.

2. Framangreind fyrirmæli skulu eigi vera því til fyrirstöðu, að stjórn hvors ríkis um sig lögleiði reglur, sem fela í sér takmarkanir á magni, í hvaða formi sem vera skal, að því er snertir innflutning eða sölu alls varnings í sambandi við stjórnarráðstafanir eða ráðstafanir gerðar að valdboði ríkisstjórnar, í því skyni að skipuleggja eða hafa hemil á framleiðslu, markaðsbirgðum, gæðum eða verðlagi á samskonar varningi innlendum, eða sem miða að aukningu vinnukostnaðar á framleiðslu slíks varnings, eða sem eiga að viðhalda gengi á mynt ríkisins. Hvenær sem stjórn annars hvors ríkis leggur til að lögleiða eða breyta verulega einhverjum reglum, sem fela í sér takmarkanir á magni, samkvæmt heimild þessarar málsgreinar, skal hún senda hinni ríkisstjórninni skriflega tilkynningu þar að lútandi og gefa þeirri ríkisstjórn kost á að ráðgast við sig með tilliti til væntanlegra framkvæmda. Verði ekki samkomulag um þær, skal þeirri ríkisstjórn, sem uppástunguna átti, engu að síður vera heimilt að fylgja henni fram, og skal þá hinni ríkisstjórninni heimilt, innan þrjátíu daga frá því að framkvæmdin var gerð, að segja samningi þessum upp, að öllu eða nokkru leyti, með þrjátíu daga skriflegum fyrirvara.

manner by value, are or may be assessed, the general principles applicable in the respective countries for determining dutiable value and converting currencies shall not be altered so as to impair the value of any of the concessions provided for in this Agreement. 73 22. okt.

Article XI

1. No prohibition, restriction or any other form of quantitative regulation, whether or not operated in connection with any agency of centralized control, shall be imposed by Iceland on the importation or sale of any article the growth, produce or manufacture of the United States of America enumerated and described in Schedule I, or by the United States of America on the importation or sale of any article the growth, produce or manufacture of Iceland enumerated and described in Schedule II.

2. The foregoing provisions shall not prevent the Government of either country from imposing quantitative regulations in whatever form on the importation or sale of any article in conjunction with governmental measures or measures under governmental authority operating to regulate or control the production, market supply, quality or prices of like domestic articles, or tending to increase the labor costs of production of such articles, or to maintain the exchange value of the currency of the country. Whenever the Government of either country proposes to impose or substantially alter any quantitative regulation authorized by this paragraph, it shall give notice thereof in writing to the other Government and shall afford such other Government an opportunity to consult with it in respect of the proposed action; and if agreement with respect thereto is not reached the Government which proposes to take such action shall, nevertheless, be free to do so and the other Government shall be free within thirty days after such action is taken to terminate this Agreement in whole or in part on thirty days' written notice.

73
22. okt.

12. grein.

Álíti stjórn annars hvors ríkis, að einhverjar ástæður eða einhver ráðstöfun, sem hitt ríkið hefur komið á, miði í þá átt að ónýta, eða draga úr, einhverjum tilgangi samnings þessa, eða skaði iðnað eða verzlun þess, enda þótt slíkt brjóti eigi í bága við ákvæði samningsins, þá skal hin ríkisstjórnin taka til velviljaðrar athugunar þær skriflegu athugasemdir eða uppástungur, sem fram kunna að vera bornar í því skyni að koma á gagnkvæmum, fullnægjandi lagfæringum í þessu efni. Náist eigi samkomulag í þessu efni innan þrjátíu daga frá því að slíkum athugasemdum eða uppástungum hefur verið veitt móttaka, skal þeirri ríkisstjórn, sem bar þær fram, vera heimilt, innan fimmtán daga eftir lok fyrrnefnds þrjátíu daga tímabils, að segja samningi þessum upp að öllu eða nokkru leyti með þrjátíu daga skriflegum fyrirvara.

13. grein.

1. Ákvæði þessa samnings um þá meðferð, sem Ísland og Bandaríki Ameríku hvort um sig veita verzlun hins ríkisins, skulu ná til tollumdæma hvors ríkis um sig.

2. Enn fremur skulu fyrirmæli þessa samnings, að því er snertir beztu kjör, ná til allra landssvæða, sem eru undir yfirráðum, eða valdi beggja ríkja, með þeirri undantekningu, að þau skulu ekki ná til Panamaskurðarsvæðisins.

14. grein.

1. Þau fríðindi, sem Ísland eða Bandaríki Ameríku hafa veitt eða kunna að veita nágrannalöndum til þess að flýta fyrir landamæraumferð, svo og fríðindi veitt samkvæmt tollsambandi, sem hvort ríki um sig kann að ganga í, skulu undanþegin framkvæmd samnings þessa.

2. Fríðindi þau, sem Bandaríki Ameríku, landssvæði þeirra eða eignarlönd eða Panamaskurðarsvæðið, hafa veitt eða kunna að veita hvert öðru eða lýð-

Article XII

If the Government of either country should consider that any circumstance, or any measure adopted by the other Government, even though it does not conflict with the terms of this Agreement, has the effect of nullifying or impairing any object of the Agreement or of prejudicing an industry or the commerce of that country, such other Government shall give sympathetic consideration to such written representations or proposals as may be made with a view to effecting a mutually satisfactory adjustment of the matter. If agreement is not reached with respect to the matter within thirty days after such representations or proposals are received, the Government which made them shall be free, within fifteen days after the expiration of the aforesaid period of thirty days, to terminate this Agreement in whole or in part on thirty days' written notice.

Article XIII

1. The provisions of this Agreement relating to the treatment to be accorded by Iceland and the United States of America, respectively, to the commerce of the other country shall apply to the respective customs territories of the two countries.

2. Furthermore, the provisions of this Agreement relating to most-favored-nation treatment shall apply to all territory under the sovereignty or authority of the two countries, except that they shall not apply to the Panama Canal Zone.

Article XIV.

1. The advantages now accorded or which may hereafter be accorded by Iceland or the United States of America to adjacent countries in order to facilitate frontier traffic, and advantages accorded by virtue of a customs union to which either country may become a party, shall be excepted from the operation of this Agreement.

2. The advantages now accorded or which may hereafter be accorded by the United States of America, its territories or possessions or the Panama Canal Zone

veldinu Cuba, skulu undanþegin framkvæmd samnings þessa. Fyrirmæli þessarar málsgreinar skulu gilda áfram, að því er snertir öll þau fríðindi, sem Bandaríki Ameríku, landssvæði þeirra eða eignarlönd eða Panamaskurðarsvæðið hafa veitt, eða kunna að veita, hvert öðru, án tillits til nokkurra breytinga á pólitísku ásigkomulagi nokkurra annarra landssvæða eða eignarlanda Bandaríkja Ameríku.

15. grein.

1. Ekkert í samningi þessum skal þannig skýrt, að það komi í veg fyrir að beitt verði eða framfylgt ráðstöfunum

a) sem beitt er af siðferðis- og mannúðarástæðum,
b) sem ætlað er að vernda líf og heilsu manna, dýra og jurta,
c) út af varningi, sem framleiddur er í fangelsum,
d) út af framfylgd lögreglu- eða skattlaga,
e) út af innflutningi eða útflutningi á gulli eða silfri,
f) út af eftirliti með útflutningi eða sölu til útflutnings á vopnum, skotfærum eða hergögnum og, ef sérstaklega stendur á, með öllum öðrum hernaðarvörum,
g) út af hlutleysi,
h) út af almennu öryggi, eða sem beitt er til verndar þýðingarmiklum hagsmunum ríkisins á ófriðartímum eða öðrum hættutímum þjóðarinnar.

2. Áskilið er, að fyrirmæli samnings þessa um sölu, skattaálagningu eða notkun innflutts varnings í Bandaríkjum Ameríku, skulu háð þeim takmörkunum, sem gerðar eru á valdi sambandsstjórnarinnar samkvæmt stjórnarskránni.

16. grein.

Stjórnir hvors ríkis um sig munu taka til velviljaðrar athugunar og munu veita nægileg tækifæri til ráðaleitana um þær athugasemdir, sem hin stjórnin kann að bera fram út af framkvæmd á tollreglugerðum og reglum, sem fela í sér takmarkanir á magni eða framkvæmd á þeim, aðgæzlu tollformsatriða og framkvæmdar heilbrigðislaga og reglugerða

to one another or to the Republic of Cuba shall be excepted from the operation of this Agreement. The provisions of this paragraph shall continue to apply in respect of any advantages now or hereafter accorded by the United States of America, its territories or possessions or the Panama Canal Zone to one another, irrespective of any change in the political status of any of the territories or possessions of the United States of America.

Article XV

1. Nothing in this Agreement shall be construed to prevent the adoption or enforcement of measures

(a) imposed on moral or humitarian grounds;
(b) designed to protect human, animal or plant life or health;
(c) relating to prison-made goods;
(d) relating to the enforcement of police or revenue laws;
(e) relating to the importation or exportation of gold or silver;
(f) relating to the control of the export or sale for export of arms, ammunition, or implements of war, and, in exceptional circumstances, all other military supplies;
(g) relating to neutrality
(h) relating to public security, or imposed for the protection of the country's essential interests in time of war or other national emergency.

2. The provisions of this Agreement relating to the sale, taxation or use of imported articles within the United States of America are understood to be subject to the constitutional limitations on the authority of the Federal Government.

Article XVI

The Government of each country will accord sympathetic consideration to, and will afford adequate opportunity for consultation regarding, such representations as the other Government may make with respect to the operation of customs regulations, quantitative regulations or the administration thereof, the observance of customs formalities, and the application

73 22. okt.

til verndar lífi og heilsu manna, dýra og jurta.

17. grein.

Samningur þessi skal öðlast staðfestingu Ríkisstjóra Íslands og Forseti Bandaríkja Ameríku skal auglýsa hann. Hann skal ganga í gildi þrjátíu dögum eftir að skipzt hefur verið á staðfestingarskjali og auglýsingu, en það skal gert í Washington, eins fljótt og auðið er.

18. grein.

Samkvæmt fyrirmælum 11. og 12. greina, skal samningur þessi gilda um þriggja ára bil, frá þeim degi er samningurinn öðlast gildi, samkvæmt 17. grein, og hafi ekki stjórn annars hvors ríkis skriflega tilkynnt hinni, að minnsta kosti sex mánuðum fyrir lok þess þriggja ára tímabils, að hún ætli að segja samningnum upp að því tímabili loknu, skal hann gilda áfram, að viðlögðum ákvæðum 11. og 12. greina, þar til liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi, er ríkisstjórn annars hvors ríkis hefur tilkynnt hinni skriflega, að hún ætlist til að samningurinn gangi úr gildi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa hlutaðeigandi umboðsmenn undirritað samning þenna og sett við hann innsigli sín.

Gert í tveim eintökum, á íslenzku og ensku, báðum jafngildum, í Reykjavík hinn tuttugasta og sjöunda dag ágústmánaðar 1943.

Fyrir hönd Ríkisstjóra Íslands:

Vilhjálmur Þór

Utanríkisráðherra Íslands.

Fyrir hönd Hans Hágöfgi Forseta Bandaríkja Ameríku:

Leland B. Morris

Sérlegur sendiherra og ráðherra með umboði fyrir Bandaríki Ameríku á Íslandi.

of sanitary laws and regulations for the protection of human, animal or plant life or health.

Article XVII

This Agreement shall be ratified by the Regent of Iceland and shall be proclaimed by the President of the United States of America. It shall enter into force on the thirtieth day following the exchange of the proclamation and the instrument of ratification, which shall take place in Washington as soon as possible.

Article XVIII

Subject to the provisions of Article XI and Article XII, this Agreement shall remain in force for a term of three years from the date of entry into force pursuant to Article XVII, and, unless at least six months before the expiration of the aforesaid term of three years, the Government of either country shall have given notice in writing to the other Government of intention to terminate the Agreement upon the expiration of that term, the Agreement shall remain in force thereafter, subject to the provisions of Article XI and Article XII, until six months from the date on which the Government of either country shall have given written notice to the other Government of intention to terminate the Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the respective Plenipotentiaries have signed this Agreement and have affixed their seals hereto.

Done in duplicate in the Icelandic and English languages, both authentic, at the City of Reykjavík this twenty-seventh day of August 1943.

For the Regent of Iceland:

Vilhjálmur Þór

Minister for Foreign Affairs of Iceland.

For his Excellency the President of the United States of America:

Leland B. Morris

Envoy Extraordinary and Minister Plenipotentiary of the United States of America to Iceland.

Listi I

Tollskrá Íslands			Vöruheiti	Tollur	
Flokkur	Kafli	Númer		Vörumagnstollur kg aur.	Verðtollur %
II	8	6	Epli ný	7	10
II	8	15	Perur nýjar	7	10
II	8	33	Rúsínur	7	25
II	8	34	Sveskjur	7	25
II	10	3	Ris með hýði eða án ytra hýðis, ómalað		2
II	10	6	Maís, ómalað		4
II	11	1	Mjöl úr hveiti	2	8
II	11	5	Mjöl úr höfrum		2
II	11	6	Mjöl úr maís		8
II	11	10	Grjón úr höfrum		2
II	11	11	Grjón úr ris		2
III	15	14	Baðmullarfræsolía	2	8
III	15	17	Soyjuolía	2	8
IV	19	5	Ris og aðrar kornvörutegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt	7	10
IV	20	7	Pulp og safi úr ávöxtum, (ósykraður)	7	8
IV	20	9	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum	7	10
V	27	18	Smurningsolíur allskonar	2	2
XII	54	6	Stígvél úr kátsjúk	20	8
XVI	72	11	Herfi	2	2
XVI	72	22	Reiknivélar	3 1/2	15
XVI	72	23	Ritvélar	3 1/2	15
XVI	72	24	Talningarvélar (fétalar)	3 1/2	15
XVI	72	25	Fjölritarar (duplikator)	3 1/2	15
XVI	72	26	Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.	3 1/2	15

Schedule I

Icelandic Tariff			Description of Article	Rate of Duty	
Group	Section	Item		Specific duty in aurar per gross kilo	Ad valorem duty (percent)
II	8	6	Fresh apples	7	10
II	8	15	Fresh pears	7	10
II	8	33	Raisins	7	25
II	8	34	Prunes	7	25
II	10	3	Rice, with hull or without outside hull, unground		2
II	10	6	Corn, unground		4
II	11	1	Wheat flour	2	8
II	11	5	Oatmeal		2
II	11	6	Corn meal		8
II	11	10	Oat grits		2
II	11	11	Rice grits		2
III	15	14	Cottonseed oil	2	8
III	15	17	Soybean oil	2	8
IV	19	5	Rice and other cereals and edible roots, roasted, steam-cooked or processed in other like manner	7	10
IV	20	7	Pulp and juices of fruit (unsweetened)	7	8
IV	20	9	Juice from fruits and plant parts	7	10
V	27	18	Lubricating oils of all kinds	2	2
XII	54	6	Rubber boots	20	8
XVI	72	11	Harrows	2	2
XVI	72	22	Calculating machines	3 1/2	15
XVI	72	23	Typewriters	3 1/2	15
XVI	72	24	Adding machines	3 1/2	15
XVI	72	25	Duplicating machines	3 1/2	15
XVI	72	26	Other office machines and parts therefor, n. o. s.	3 1/2	15

Listi II

ATHUGASEMD: Fyrirmæli þessa lista skulu skýrð og þeim gefið sama gildi og framkvæmd fyrirmæla í tollalöggjöf Bandaríkjanna, sem hliðstæð eru fyrirmælum þessa lista, skal ákveðin, að svo miklu leyti, sem gerlegt kann að þykja, eins og sérhvert fyrirmæli þessa lista væri í hinni lögákveðnu grein, sem nefnd er í dálkinum til vinstri við lýsingu hverrar vörutegundar um sig.

Schedule II

NOTE: The provisions of this Schedule shall be construed and given the same effect, and the application of collateral provisions of the customs laws of the United States to the provisions of this Schedule shall be determined, in so far as may be practicable, as if each provision of this Schedule appeared respectively in the statutory provision noted in the column at the left of the respective descriptions of articles.

73 22. okt.

Að því er snertir sérhvern þann varning, sem í þessum lista er talinn, og á undirskriftardegi er háður hvers konar viðbótar- eða sérstökum almennum tolli, hvort sem sá tollur er á lagður samkvæmt hinni lögákveðnu grein, sem talin er til vinstri dálki við lýsingu vörunnar, eða ekki, þá skal slíkur sérstakur eða viðbótartollur gilda áfram og vera háður sérhverri þeirri lækkun, sem talin er á þessum lista, eða sem síðar kann að verða ákveðin, þar til hann fellur niður, samkvæmt lögum, en hækka má hann ekki.

In the case of any article enumerated in this Schedule, which is subject on the day of the signature of this Agreement to any additional or seperate ordinary customs duty, whether or not imposed under the statutory provision noted in the column at the left of the respective description of the article, such seperate or additional duty shall continue in force, subject to any reduction indicated in this Schedule or hereafter provided for, until terminated in accordance with law, but shall not be increased.

Númer í tollskrá Bandarikjanna 1930	Lýsing vöru	Tollur
52	Síldarlýsi	2 1/2 c. á gallon
717 (c)	Fiskur, þurkaður og ósaltaður:	
	Þorskur, ýsa, lýsingur, lýr og keila	1 1/4 c. á pund
	Annar, ásamt hákarlsuggum	5/8 c. á pund
718 (a)	Fiskur, verkaður og varinn á hvern hátt sem er, í olíu eða olíu og öðru efni:	
	Reyktur lýr, hverju nafni sem nefnist, ef verðið er yfir 9 cent pundið, ásamt þyngd næstu umbúða	15% verðtollur
718 (b)	Fiskur, verkaður og varinn á hvern hátt sem er í loftþéttum umbúðum, er vega með innihaldi ekki meir en 15 pund hver (að undanteknum fiski í olíu eða olíu og öðrum efnum):	
	Allt framangreint (að undantekinni síld, reyktri eða kryddreyktri eða í tómatsósu, í næstu umbúðum, sem vega með innihaldi yfir 1 pund hver, og að undanteknum laxi og ansjósum)	12 1/2% verðtollur
719	Fiskur, pæklaður eða saltaður (að undanteknum fiski í olíu eða olíu og öðrum efnum og að undanteknum fiski í loftþéttum umbúðum, sem	

United States Tariff Act of 1930 Paragraph	Description of Article	Rate of duty
52	Herring oil	2 1/2 c. per gallon
717 (c)	Fish, dried and unsalted:	
	Cod, haddock, hake, pollock, and cusk	1 1/4 c. per pound
	Other, including shark fins	5/8 c. per pound
718 (a)	Fish, prepared or preserved in any manner, when packed in oil or in oil and other substances:	
	Smoked pollock, by whatever name known, of a value exceeding 9 cents per pound including the weight of the immediate container only	15% ad valorem
718 (b)	Fish, prepared or preserved in any manner, when packed in air-tight containers weighing with their contents not more than fifteen pounds each (except fish packed in oil or in oil and other substances):	
	Any of the foregoing (except herring, smoked or kippered or in tomato sauce, packed in immediate containers weighing with their contents more than one pound each, and except salmon and anchovies)	12 1/2% ad valorem
719	Fish, pickled or salted (except fish packed in oil or in oil and other substances and except fish packed in air-tight containers weighing	

	ekki vega yfir 15 pund hver) (4) Síld, heil eða beinlaus, án tillits til verðmætis, þar með talin stórsíld, í lausri vikt eða næstu umbúðum, sem með innihaldi vega meir en 15 pund hver og innihalda meir en 10 pund nettó af síld ...	½ c. á pund nettóvigt
720 (a)	Fiskur, reyktur eða kryddreyktur (að undanteknum fiski í olíu eða olíu og öðrum efnum og að undanteknum fiski í loftþéttum umbúðum, sem vega ekki með innihaldi meir en 15 pund hver): (6) Annar fiskur	12½% verðtollur
721 (d)	Kaviar og önnur hrogn til manneldis (að undanteknum styrjuhrognum): Soðin og í loftþéttum umbúðum, hvort þau eru í seyði eða sósu, eða ekki	15% verðtollur
	Annað	10 c. á pund
1519 (a)	Verkaðir feldir og loðskinn, ólitað: Lamba- og loðskinn (nema karakúl og persneskt lamb)	12½% verðtollur
1685	Fiskúrgangur og fiskimjöl í flokki sem aðallega notast til áburðar eða sem hráefni til áburðarvinnslu	Tollfrjáls
1730 (b)	Þorskalýsi og þorsklifrarlýsi .	Tollfrjálst
1780	Fiskúrgangur og fiskimjöl, óhæft til manneldis	Tollfrjáls

Internal Revenue Code Section	Lýsing vöru	Innflutningsgjald
2491 (a)	Síldarlýsi	1½ c. á pund

	with their contents not more than fifteen pounds each): (4) Herring, whether or not boned, regardless of value, and including full herring, in bulk or in immediate containers weighing with their contents more than fifteen pounds each and containing each more than 10 pounds of herring, net weight	½ c. per pound net weight
720 (a)	Fish, smoked or kippered (except fish packed in oil or in oil and other substances and except fish packed in air-tight containers weighing with their contents not more than fifteen pounds each): (6) Other fish	12½% ad valorem
721 (d)	Caviar and other fish roe for food purposes (except sturgeon): Boiled and packed in air-tight containers, whether or not in bouillon or sauce ...	15% ad valorem
	Other	10 c. per pound
1519 (a)	Dressed furs and dressed fur skins, not dyed: Lamb and sheep (except caracul and Persian lamb)	12½% ad valorem
1685	Fish scrap and fish meal of a grade used chiefly for fertilizers, or chiefly as an ingredient in the manufacture of fertilizers	Free
1730 (b)	Cod oil and cod-liver oil ..	Free
1780	Fish scrap and fish meal, unfit for human consumption	Free

Internal Revenue Code Section	Description of Article	Rate of Import Tax
2491 (a)	Herring oil	1½ c. per pound

Bókun um staðfestingu þessa samnings fór fram í Washington hinn 20. október 1943, og gengur þá samningurinn í gildi hinn 19. nóvember 1943.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 22. október 1943.

Vilhjálmur Þór.